

Fundargerð

Mánudaginn 11. nóvember 2019, kl. 16:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Árbraut 31, 540 á Blönduósi. Á fundinn voru mættir eftirtaldir aðilar: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Þá mætti Sigrún Hauksdóttir, aðalbókari Blönduósbæjar, undir lið nr 2. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum dags., 9. ágúst 2019, var undirrituð en hún hafði áður verið send út með tölvupósti, án athugasemda.

2. Fjárhagsáætlun 2020.

Sigrún Hauksdóttir lagði fram minnisblað, og fór m.a., yfir hvernig rekstur BMA væri samsettur, stöðu einstakra deilda en einnig stöðuna á milli Blönduósbæjar og BMA, framkvæmdir og fleira þ.h. Mikil umræða varð um einstakar deildir, þörf á að ljúka yfirferð og endurskoðun leigumála, tengt Kvennaskólanum, og að gerður verði samningur við ríkið um áframhald viðhaldsframkvæmda á þeim reit. Stjórn BMA samþykkir tillögu um að afskrifa kr. 2.491.245- sem er vegna gamalla krafna/stöðu viðskiptamanna, enda hafi verið gerð varúðarráðstöfun í bókhaldi BMA, og afskrift mun ekki hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, samkvæmt staðfestingu endurskoðanda. Þá var rætt um forsendur fyrir fjárhagsáætlun, fjárhagsstöðu ofl.þ.h. *Unnið verður áfram að fjárhagsáætlun 2020, og hún lögð fyrir stjórn.*

3. Heimilisiðnaðarsafnið.

Í upphafi fundar fór stjórn BMA í vettvangsskoðun og skoðaði húsnæði Heimilisiðnaðarsafnsins, undir leiðsögn forstöðukonu, Elínar S. Sigurðardóttur, sem einnig fór yfir erindi sem lá fyrir stjórnarfundum um „*Rekstrarstyrkur til Heimilisiðnaðarsafnsins, fyrir árið 2020.*“ Heimsókn var mjög upplýsandi og áhugaverð, en afgreiðsla erindis frestað til næsta fundar, og til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2020.

4. Textílmíðstöð Íslands – þekkingarsetur á Blönduósi.

Valdimar upplýsti um stöðuna á veikindum forstöðukonu, sem þó hefur verið að störfum eftir bestu getu, og hvernig hafi verið leyst úr málum vegna húsgagna í endurgerðu húsnæði íbúðar að Árbraut 33, sem nú er komin í notkun, samkvæmt umræða á síðasta stjórnarfundum. Þá var áfram rætt um þörf á endurskoðun leigumála, samkv., lið nr 2.

5. Héraðsskjalasafn A-Hún.

Formaður og framkvæmdastjóri BMA, greindu frá fundi sem þeir áttu með Héraðsskjalaverði A-Hún., þriðjudaginn 29. október sl. m.a. vegna svara hennar og úrbótaáætlun vegna „Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafna“ frá því í desember 2018, þar sem teknar eru saman niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna 2017. Þá var rætt um mönnun safnsins, og fyrirsjáanlegum breytingum á næstu ári, sem huga þarf að m.a. í fjárhagaáætlun BMA, fyrir árið 2020. *Verður skoðað betur.*

6. Atvinnumál í A-Hún.

Almenn umræða varð um stöðu atvinnumála á svæðinu, stöðuna hjá Gagnaverinu við Blönduós, og önnur möguleg tækifæri á svæðinu. Þá var rætt um stöðu ferðamálafulltrúa í A-Hún., og einnig um umgjörð á tímabundni ráðningu Verkefnissjóra iðnaðar hjá SSNV.

7. Önnur mál:

Valdimar greindi frá tilraunum sínum til þess að ná fundi með Menntamálaráðherra, m.a. vegna viðhalds og uppbyggingar á Kvennaskólareit, og einnig með nýjum Dómsmálaráðherra, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um framkvæmdavald og stjórnsýslu í héraði, en umsögn um málið verður send frá SSNV.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 18:55-

